

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 35/1888.

Sigurður Ásmundsson
 gegn
 P. Nielsen og Birni sýslumanni
 Bjarnarsyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Árnassýslu, upp kveðnum 16. nóvembermán. f. ár, var áfrýjandi máls þessa, Sigurður bóndi Ásmundsson, dæmdur til þess að greiða verzlun kaupmanns Lefolli á Eyrarbakka, er hinn stefndi P. Nielsen veitir forstöðu, skuld að upphæð 264 kr. 44 aur. með vöxtum 5 af hundraði frá dagsetningu sáttakærunnar, þangað til borgað er, og málskostnað allan að skaðlausu. — Dómi þessum hefur Sigurður Ásmundsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 15. ágústmán. þ. á., og gjört þær rjettarkröfur í málinu, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá undirrjettinum, og að hinn stefndi P. Nielsen, eða undirdómarinn Björn Bjarnarson, eða þeir báðir *in solidum* verði dæmdir til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum, 60 krónur að minnsta kosti; en til vara hefur áfrýjandi krafizt þess, að hin umkrafða skuldarupphæð, sem hjeradsdómarinn hefur tekið til greina í dómi sínum, verði færð niður um 26 kr. 22 aur., að haun verði losaður við að greiða málskostnað fyrir undirrjetti, og að honum verði til dæmdur hæfilegur málskostnaður fyr-

ir yfirdómi. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu kraf-
 izt þess, *P. Nielsen verzlunarstjóri fyrir hönd verzl-
 unarinnar*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur,
 og að áfrýjandinn verði skyldaður til að endurgjalda
 honum allan kostnað málsins fyrir báðum dómum með
 einhverju nægilegu, og *hinn stefndi undirdómari*,
 að hann verði sýknaður fyrir kröfum áfrýjanda og
 að áfrýjandinn verði dæmdur til að borga honum eitt-
 hvað hæfilegt í kost og tæringu og málskostnað fyr-
 ir yfirdómi.

Áfrýjandinn krefst þess, að dómur undirrettar-
 ins verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá hjer-
 adsrjettinum fyrir þá sök, að það sje eigi sannað, að
 lögleg sáttatilaun hafi fram farið í málinu. Eptir
 fyrirskalli sáttanefndarinnar í Stokkseyrar-prestakalli
 átti að taka málið fyrir til sáttu-umleitunar hinn 20.
 júnímán. f. á., enda hafa sáttanefndarmennirnir vott-
 að, að málið hafi þá verið tekið fyrir, en eptir sam-
 komulagi „hlutaðeigenda“, sem eigi eru nefndir öðru-
 vísi, hafi því verið slegið á frest óákveðinn tíma.
 Aptur síðar votta sáttanefndarmennirnir, að málið
 hafi verið tekið fyrir að nýju hinn 16. júlí 1887, og
 rætt á ýmsa vegu, „en þar ekkert samkomulag gat
 komizt á, var málinu vísað til dómarans aðgjörða“.
 Af þessu vottorði verður eigi sjeð, hvort áfrýjandi
 hafi sjálfur mætt á sáttafundinum eða hvort nokkur
 hafi mætt þar með löglegu umboði hans, og þar sem
 alls ekkert er fram komið í málinu um það, að hon-
 um hafi verið *löglega* stefnt á þennan sáttafund, þá
 er það eigi sannað, að mál þetta hafi verið lagt til
 sáttu eins og fyrir er mælt í tilsk. 20. jan. 1797.
 Að vísu hefur hinn stefndi *P. Nielsen* látið leggja

fram fyrir yfirdóminn vottorð sáttanefndarinnar, snertandi málsatvik þessi, en með því að skjál þetta hefur eigi komið fram fyrir undirrettinum og með því að framlegging þess í yfirdóminum eigi er heimiluð með konunglegu leyfisbrjefi, þá verður gegn mótmælum áfrýjanda eptir gildandi rjettarfarsreglum ekkert til lit tekið til þess í málinu, eins og það nú liggur fyrir. — Það verður því að dæma dóm hjeradsrjettarins ómerkan, og vísa málinu frá undirrettinum. Eptir málavöxtum á sakarkostnaður fyrir báðum dómum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur aukarjettarins á að vera ómerkur og visast málinu frá undirrettinum. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn 17. desembermán.

Nr. 46/1888.

Rjettvísín

gegn

Birni presti Þorlákssyni.

Dómur:

Af hálfu rjettvísinnar hefur sök þessi verið höfðuð gegn Birni presti Þorlákssyni á Dvergasteini til hegningar eptir hegningarlaganna 113. gr., 2. málsgrein, eða eptir samkvæmi (Analogi) við þessa grein fyrir það, að hann á sáttanefndarfundi, á meðan, að sátta var leitað milli hans og Bjarna hreppstjóra Siggeirssonar, hafi slegið hann þar sem hann sat á stól,